



## Jarðsprengjubeltið 15-30 mín.

*Hópurinn æfist í trausti og bætir samskipti.*

### Yfirlit:

Þör vinna saman að því að koma öðru þeirra örugglega yfir jarðsprengjubelti.

### Hvað þarftu:

Opið svæði, tvær línur til að afmarka upphaf og endi, a.m.k. 10 þátttakendur, notið töskur og föt til að tákna jarðsprengjur. Eitthvað til að blinda með.

### Hvað á að gera:

Búið til einhverja skemmtilega sögu um jarðsprengjubeltið og afhverju þátttakendur þurfa að komast yfir (blindaðir). Allir í hópnum eiga að para sig saman. Látið annan aðilann í parinu blinda sig. Þegar annar aðilinn er blindaður þá skuluð þið afmarka völlinn sem er 10 metrar á lengd frá upphafi til enda. Búið til jarðsprengjubeltið með því að leggja töskur og föt á völlinn (þátttakendur geta hjálpað til).

Fleiri jarðsprengjur, meira gaman. Látið blindingjann standa við upphaf jarðsprengjubeltisins og félaginn á að standa ca. 2 metrum fyrir aftan blindingjann sinn. Nú þarf að hjálpa blindingjanum að komast yfir, félagi hans gefur honum leiðbeiningar munnlega þaðan sem hann stendur.

- Félaginn má ekki færa sig úr stað.
- Ef einhver kemur við jarðsprengju þá er þessu lokið fyrir viðkomandi.
- Ef blindingjar rekast á hvorn annan þá frjósa þeir í sporunum í 30 sek.

Úr þessu verða heilmikil læti og að sjálfsögðu þá er tíminn naumur. Hvetjið þátttakendur að tala svolítið saman, stilla strengi sína áður en yfirferðin hefst.